

**Sp.**

**1050. Breytingartillaga**

[368. mál]

við till. til þál. um afnám tekjuskatts af launatekjum í áföngum.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um afnám tekjuskatts af tekjum einstaklinga og lögaðila en í stað þess komi ríkisútsvar á laun einstaklinga en veltuskattur á lögaðila. Ríkisútsvar á tekjur einstaklinga leggist á tekjur yfir 500 000 kr. Vaxtaútgjöld verði ekki frádráttarbær en vextir af sparnaði ekki skattskyldir sem tekjur. Frumvarpið miði að því að tekjur ríkissjóðs minnki ekki af þess völdum.